

Nettímarit

Troðningur

30 tbl. 16 Október 2012 - ISSN 1670-8776

Útgefandi: Guðmundur R Lúðvíksson, myndlistamaður

Menning & List

Meðal efnis:

ALLT EÐA EKKERT - LISTASAFNI REYKJANESBÆJAR
PAPPÍRSVERK
PHOTO SHOP OG 3D MAX UNNAR MYNDIR
YAMAMOTO GENDAI GALLERY
ANDLIT Á FÖRNUM VEGI
STREET ART

Er hægt að deyja úr leiðindum
ÞJÓÐSÖGUR
GREINAR
Meira af verkinu af Mónu.
Nokkrar staðreyndir




Forsíðumynd: Verk eftir Mentalgassi

ICELANDIC
ART MAGAZINE

Í listasafni Reykjanesbæjar Duushúsum fór fram sýning á verkum eftir 55 einstaklinga sem búsettir eru eða tengjast Suðurnesjunum. Á sýningunni voru bæði leiknir og lærðir. Sýningin var all skemmtileg þótt hefðbundin væri, en gaf þó innsýn inn í hvað fólk væri að fást við á svæðinu. Framtakið er frábært og mætti jafnvel vera árviss viðburður þó ekki færi fram endilega í listasafni bæjarins. Sýningin vakti upp endurminningar á Kjalvstöðum hér áður þegar leiknir og lærðir fengu þar inni og mikil átök mynduðust um hvort leiknir ættu erindi í listasöfn? Sitt sýndist hverjum, en eitt er víst að þá var bæði mikil umræða um sýningar og safnið gríðarlega vel sótt. List er og á að vera án landamæra. Hún á að skapa umræðu og tog á milli verkanna. Það eru verkin sjálf sem gera sig að "list" en ekki söfnin. Engin núlifandi getur sagt með afdráttarlausum hætti hvaða verk er eða verður listaverk framtíðarinnar - það hefur marg sannað sig í sögu listarinnar.

En sýningin var frábært framtak og virkilega gaman að ganga þarna um salinn skoða afrakstur þessara 55 einstaklinga. Auðvitað voru verkin mismunandi. Greinilegt var þó að flestir ef ekki allir höfðu sótt eitthvert nám í listinni því ekkert "vont" verk var á sýningunni og alltaf þegar svo margir ólíkir og ólík verk koma saman á einni sýningu, þá myndast þetta "tog" á milli. Það er einmitt það sem gerir listina og sýningar áhugaverðar. Einsleit sýning með einsleitum hugmyndum eða verkum verður einhven vegin "boring" eða lítt spennandi. Það er ekki hægt annað en að fagna framtakinu og kjarkinum til að koma svona sýningu á. Vonandi skapar framtakið og sýningin frekari umræðu og "tog" á milli listgreina - þó á jákvæðan hátt, svo úr megi verða framhald og spennandi sýningar í framtíðinni.

Það er ógjörningur að draga fram einhver verk sem þarna voru sýnd og leggja mat á þau. Því greinilegt var að allir voru að gera sitt besta og lögðu fram sinn eigin metnað og getu í verkin. Í heild var sýningin ágætlega sett upp, en risa vandi er ætíð að setja upp svona sýningar. Troðningur fagna þessu framtaki og kjarki. Vonandi verur framhald á. Sýningin staðfestir einnig að tímabært er að hér á svæðinu verði komið á listaskóla í líkingu við Listaskóla Akureyrar eða Kópavogs. Það er það mikill áhugi fyrir hendi á listsköpun og þörf því að virkja hann til frekari dáða. Troðningur óskar öllum til lukku með sýninguna.



ALLT EÐA EKKERT

Ljósanætorsýningin 2012

30. ÁGÚST – 21. OKTÓBER

Sú venja hefur skapast á Ljósanótt undanfarin ár að heimafólk hefur verið í aðalhlutverki á sýningu Listasafns Reykjanesbæjar í Duushúsum. Í ár var ætluin að stíga skrefið til fulls og setja upp risastóra samsýningu listamanna af Suðurnesjum. Leitað var eftir verkum af öllum tegundum myndlistar, tviðum og þrívíðum verkum, málverkum, vatnslitamyndum, teikningum, ljósmyndum, skulptúrum og í raun öllu því sem gat með góðu móti fallið undir víðustu skilgreiningu myndlistar. Skilyrðin fyrir þátttöku voru aðeins tvö; að listafólkið hefði náð 18 ára aldri og byggt á Suðurnesjum.

Mármið sýningarinnar var fyrst og fremst að sýna hina miklu grósku myndlistar á svæðinu og vonast var eftir að breiddin yrði sem mest, við fengjum lærða og leika, atvinnumenn og áhugamenn á öllum aldri sem blandast myndu í sköpuninni á eftirminnlegan hátt. Ákveðið var að

hleypa öllum að sem uppfylltu skilyrðin og vildu vera með og þaðan er heiti sýningarinnar komið – við sýnum allt eða ekkert í Tæplega 60 manns voru tilbúnir að taka þátt í þessu ævintýri undir stjórn sýningarstjórans Ingu Þóreyjar Jóhannsdóttur.

EKKI er um að ræða almenna stefnubreytingu hjá Listasafni Reykjanesbæjar í sýningarhaldi heldur er hér gerð tilraun til að skoða myndlist án fordóma. Eitt er víst að á Ljósanætorsýningu Listasafns Reykjanesbæjar 2012 kennir ýmissa grasa og margt má þar skemmtilegt sjá. Bestu þakki til allra sem voru tilbúnir að taka þátt í þessari djörfu tilraun og þá ekki síst til sýningarstjórans sem tókst á hendur afar erfitt verk.

Góða skemmtun.

Valgerður Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri

Pappírsvverk

Verk unnin eingöngu með pappír geta verið ákafleg skemmtileg og margslungin.

Troðningur hefur séð nokkrar sýningar þar sem þannig verk hafa verið sýnd og haft gaman af.

Sum verkanna hafa haft djúpstæða þælingu, jafnvel hugmyndafræðileg og eða með hörð skilaboð eða jafnvel ádeilu. Önnur hafa verið meir apstrakt og jaðrað við að vera málverk í þrívíðu formi.



Hægt er að fullyrða að með tilkomu tölvunnar og allra þeirra forrita sem hönnuð hafa verið í hana hafi komið fram fimmti byltingakenndi miðillinn í listum. Eins og ætíð þegar bylting kemur fram myndast ákveðnir fordómar og hræðslu hins hefðbundna. Sumt verður afburða vel gert og annað miður eða miðlungs. Þetta þekkist í gegnum alla listasöguna og nærtækust og þekktust er kanski þegar háendurreisnin með Leonardo í fararbotði umbylti tækninni í málalartistinni og kom með nýja aðferð í nokkurskonar raunsæi í þeirri list.

Í dag hefur þessi samskonar "bylting" einhvernvegin endurtekið sig með aðstoð tölvunnar.

Munurinn í dag er hins vegar að fjöldinn er meiri sem nær tökum á vinnslunni og einnig er markvissari kennsla fyrir alla sem vilja að nýta sér og koma fram með vinnslu á verkum - "myndum" á þennan hátt.

Troðningur hefur kosið að sýna hér myndir eftir Japanska digital listamanninn sem sýnir hér hvernig hann notar hefðbundna ljósmyndun til að umbreyta myndum í sín verk.

Einhverjir kunna að segja að þetta sé bara "photoshoppað" en í því felast einmitt áður nefndir fordómar gagnvar miðlinum og getunni til að nýta sér hann. Það er nefnilega þannig að öll list nýtir sér á einhvern hátt "tæknina" - Spurningin er


hvernig til tekst í hugmyndum, framsetningu og vinnslu.

Örstutt viðtal við Michelo;

Þegar ég hóf framhaldsnám 1996, hafði tölvan ekki náð raunverulegum tökum á heimi hönnunarinnar. Þannig að ég sótti venjulega kennslu í þeim fræðum í skólanum þá. Á fyrsta árinu sótti ég kennslu AutoCAD forritinu, sem mér þótti í raun hundleiðinleg, svo ég sat aftastur og lék mér í Photo Shop og 3D Max forritinu í staðin. Það var þá í raun sem ég uppgötvaði tölvulistina og möguleika hennar. Í fyrstu var ég með venjulegt PhotoShop en þróunin þar hefur verið hröð og mögnuð. Síðan hef ég eingöngu unnið með þessi forrit í mínum verkum.

Þess má geta að Michelo hefur þrjú forsiðu hins virta tímarits Computer Art nokkru sinnum.

Hægt er að skoða heimasíðu á slóðinni; <http://www.bymichaelo.com/>









YAMAMOTO GENDAI, a contemporary art gallery er staðsett í Tokyo.

Safnið er í endurbyggðri verksmiðju og var opnað 2008.

Safnið hefur á sínum snærum marga gríðarlega magnaða listamenn sem Troðningur langar að sýna hér verk eftir.

Fullyrða má að aldrei hafi svona verk eða sýningar litið dagsins ljósi hér á landi. Kanski ekki nema von því ekkert safn er svo stórt að það mundi bera þessi verk, nema þá helst Listasaf Reykjavíkur.

Vonandi hafa lesendur Troðnings gaman af að sjá þessar myndir af verkum eftir Odani Motohiko, Yanobe Kenji, Nishio Yasuyuki, Kojima Sako, Matusi Erina og Hara Shinichi.

Hér er vefsvæði safnsins:

<http://yamamotogendai.org>



ODANI, Motohiko
(b.1972)



ODANI, Motohiko
(b.1972)

ODANI, MOTOHIKO



ODANI, Motohiko
(b.1972)



ODANI, Motohiko
(b.1972)



YANOBE Kenji
(b.1965)




YANOBE Kenji
(b.1965)

YANOBE KENJI




YANOBE Kenji
(b.1965)



YANOBE Kenji
(b.1965)

NISHIO YASUYUKI



NISHIO Yasuyuki
(b.1967)



NISHIO Yasuyuki
(b.1967)

NISHIO YASUYUKI & KOJIMA SAKO



NISHIO Yasuyuki
(b.1967)



KOJIMA Sako
(b.1976)



MATSUI Erina
(b.1984)



MATSUI Erina
(b.1984)



MATSUI Erina
(b.1984)




MATSUI Erina
(b.1984)

HARA, SHINICHI



HARA, Shinichi
(b.1964)





HARA, Shinichi
(b.1964)



KOJIMA Sako
(b.1976)



Þjóðsögur af Reykjanesinu

Huldukonan í sjóbúðinni.

Sjómenn hjá Einari G. Einarssyni, kaupmanni í Garðhúsum sváfu á vertíðum í gamalli baðstofu sem kölluð var Norður-Gjáhús; voru þar oft um 10 karlmenn og sváfu þeir tveir og tveir í rúmi. Kvöld eitt var formaðurinn ásamt einum sjómanni sínum og rekkjufélaga lengi niðri í naustum og voru allir sofnaðir er þeir komu heim í sjóbúðina, því að klukkan var langt gengin 12. Þeir kveiktu á borðlampa nálægt rúminu og fóru þegar að háttu. Sjómaðurinn las dálitla stund eins og hann var vanur áður en hann fór að sofa. Eftir litla stund lagði hann frá sér bókina og ætlaði að slökkva ljósið. Þá heyrði hann að gengið var inn göngin. Þótti honum það undarlegt þar sem þeir höfðu lokað bænum að innanverðu eins og venja var. Svo var hurðin opnuð og inn kom ung stúlka. Gekk hún inn að rúmi þeirra félaga og stansaði þar á gólfinu. Hún var í peysufötum, dökkhærð, með mikið hár og dökk augu, rjóð í kinnum og lagleg. Sjómanninum fannst þetta kynlegt þar sem hann þekkti hvert mannsbarn í Grindavík en hafði aldrei séð stúlku þessa áður. Hún horfði á sjómennina litla stund, kom síðan aftur og staðnæmdest fyrir framan rúm þeirra og leit á þá einu sinni enn; sá sjómaðurinn greinilega andgufu hennar fyrir ljósið. Að þessu búnu gekk hún til dyra, opnaði hurðina og fór en hallaði henni aftur mjög gætilega. Þá datt sjómanninum í hug að elta hana, rauk þegar fram úr rúminu, setti skó á sig lauslega og fór í skyndi á eftir henni fram göngin. Þegar hann kom til útidyra voru þær lokaðar að innan eins og venjulega. Leitaði hann hennar þá í göngunum, en þar var ekkert að sjá. Fór hann þá út úr bænum og í kring um hann en engin manneskja var sjáanleg.

Feigðarspár.

Það var á gamlaárskvöld 1845, að Björn í Kirkjuvogi og Guðmundur í Merkinesi voru í heimsókn hjá Katli Jónssyni í Kotvogi. Öllum þótti þeim góður sopinn, og voru nú þetta gamlaárskvöld að drekka romm-toddy hjá Katli og allir orðnir vel hreifir. Þá segir Guðmundur við Björn: “Veistu, hvernig dauða þinn mun bera að, Björn?” Björn gamli svaraði: “Ekki veit eg það, Guðmundur minn, og eg kæri mig ekki heldur um að vita neitt um að, fyrr en þar að kemur.” “En eg ætla að segja þér það samt,” segir Guðmundur.

“Þú deyr þannig, að af dauðanum veistu ekki, fyrr en þú stendur fyrir dómstóli drottins þíns. En hvernig dey eg, Björn?”

Björn gamli þagði um stund og segir svo: “Ekki er mér það vel ljóst, hvernig dauða þinn ber að, Guðmundur minn, en trúað gæti eg að Kalmanstjarnarfólkið ætti einhvern þátt í fráfalli þínu, þótt óviljandi verði.”

Mánuði seinna, þá er allir hásetar Guðmundar voru komnir til hans fór hann með þá norður í naustin, þar sem áttæringur hans hvolfdi til þess að snúa honum við og búa hann til vertíðarinnar. Þá er búið var að bylta skipinu við, horfir Guðmundur litla stund þögull niður í skutinn og segir svo, fremur við sjálfan sig en háseta sína:

“Jæja, gamalt fer með gömlum, en guði sé lof, öllum skila eg þó hásetum mínum.”

Sennilega hefur hásetum Guðmundar ekki fallið vel að heyra þessi orð af vörum spekingsins, sem þeir trúðu allir á og báru hina dýpstu virðingu fyrir. Leið nú svo öll vetrarvertíðin, þar til tveir dagar voru til loka og gekk allt slysalaust í Hafnahreppi, bæði á sjó og landi. En er Guðmundur var að róa heim þann dag um kvöldið, segir Jón, sem lengi var búinn að vera bitamaður hjá Guðmundi:

“Nú held eg, að gamla mannum ætli að skeika í spádómi sínum.”

“Ekki er kominn lokadagurinn enn þá, Jón minn,” svaraði Guðmundur.

Lokadagsmorguninn var veður gott en biksvartur bakki niðri við sjóndeildarhringinn á öllu útnorður loftinu; allir Hafnaformenn reru þó í bítíð um morguninn, en er menn voru komnir skammt frá landi, rótar hann upp skýjabakkanum yfir allt loft og samtímis er komið afskaplegt ofviðri af norðvestri með blindhríðarbyl. Var rokið svo mikið að við ekkert varð ráðið og hrakti öll skipin þar að landi, sem þau voru fram undan, er veðrið kom. Segl voru þá sama sem engin, sem hægt væri að bjarga sér með, en það hlífði við stórkostlegu manntjóni að sjór var vatnsdauður um morguninn og skipin örskammt frá landi, er ofviðrið kom. Guðmundur var kominn suður á móts við Kalmanstjörn er veðrið skall á. Hrakti hann upp í svo nefnt Gerðisvík en um leið og skipið kenndi grunns kom stór sjór og hvolfdi því. Hásetar Guðmundar komust þó von bráðar allir út úr skipinu og á þurrt land, en Guðmundur varð einn undir skipinu og náðu hásetar honum ekki fyrr en

eftir nokkurn tíma; hafði hann þá drukkið mikinn sjó, en var þó með góðu lífsmarki. Báru þeir Guðmund tafarlaust heim að Kalmanstjörn; var hann nálega með fullri rænu, en afar þungt haldinn af sjónum, sem ofan í hann hafði farið. Í stað þess að ná nú upp úr honum sjónum, þá var í einfeldni, flýti og fátí hellt ofan í hann lútsterku kaffi með nógu brennivíni í, og var það nóg til þess að Guðmundur dó skömmu síðar. - Skipið fór í spón. Björn Brandsson varð skyndilega bráðkvaddur, þar sem hann sat alheilbrigður inni á rúmi hjá syni sínum.

Þjófagjá.

Skammt fyrir ofan byggðina í Grindavík er fjall, sem heitir Þorbjarnarfell, - oftast nefnt Þorbjörn. Í toppi þess er hamragjá, sem heitir Þjófagjá.

Er svo sagt, að þar hafi einu sinni hafst við fimmtán þjófar, sem lögðust á fé Grindvíkinga. Eigi sáu byggðarmenn færi á að vinna þá fyrir, en bóndason frá Hópi tókst á hendur að svíkja þá. Hann fór til þeirra, sór þeim trúnaðareid og var með þeim um hríð. Hann varð þess vís, að þeir fóru hvern laugardag í það í laug þeirri, sem er á Baðsvöllum norðan undir fjallinu.

Einn gætti klæða þeirra, meðan þeir voru í baðinu, og gerðu þeir það til skiptis. Svo kom, að þeir trúðu bóndasyni fyrir að geyma föt sín. Þá sneri hann um annarri skyrtuerminni og annarri brókarskálminni hjá þeim öllum og hljóp síðan, sem fætur toguðu, til bæja. Það fór eins og hann ætlaðist til; þjófunum varð tafsamt að komast í föt sín, og ekki fóru þeir nema í nærklæðin og eltu hann síðan, en náðu honum ekki. Urðu þeir mjög sárfættir í grjótinu.

Nú þustu byggðarmenn að þeim, og gátu þeir ekki komist undan. Voru þeir allir teknir höndum og hengdir þar, sem síðan heita Gálgaklettur. Bóndasonurinn varð ólánsmaður, en eigi er getið, hvað fyrir hann kom.

Hornistöð.

Það var þrautaráð fátæklinga áður fyrir að beygja sér horn í ístöð ef eigi voru efni til annars betra. Meðal slíkra manna var Hallgrímur Pétursson, þá er hann dvaldist að Bolafæti, hjáleigukoti frá Ytri-Njarðvík, ásamt Guðríði Símonardóttur (Tyrkja-Guddu) heitkonu sinni. Voru þau Guðríður örsnaud en

Hallgrímur vann hverja þá vinnu er fánleg var. Ekki bætti það úr neyð þeirra að þau bjuggu saman í meinum því að hún hafði ekki fengið skilnað frá manni þeim er hún hafði gifzt áður en henni var rænt af Tyrkjum og var þeim gert að greiða sakareyri til yfirvalda er þeim bættist barn á kotinu Bolafæti. Loks fékk Guðríður skilnað og þau Hallgrímur hlutu blessun sóknarprests síns og gátu þar eftir óáreitt búið að ást sinni.

Þá kom einnig Brynjólfur Sveinsson biskup til hjálpar eins og fyrri daginn og veitti Hallgrími Hvalsnesþing þó svo að Hallgrímur hefði eigi fulllokið námi sínu. Fór Hallgrímur í kall sitt klæddur slitnum

ígangsfötum, en önnur átti hann eigi og hafði auk þess einkenni öreiga þess tíma, hornistöðin við hnakkpútu sína. Stórbokki nokkur, efnaður útvegsbóndi, varð til að bekkjast við Hallgrím og sagði lítinn álitsauka fyrir söfnuðinn að senda þeim háflærðan töttraprest til sálgæzlu. Hallgrímur svaraði fáu til, en síðar, að lokinni guðsþjónustu, brá Hallgrímur bónda á eintal. Spurði Hallgrímur með þunga eigi litlum hvort bóndi treysti sér til að meta manngildi einvörðungu eftir klæðaburði og veraldlegum efnum. Bóndi galt þau svör að margsannað væri að þeir sem héldu vel á, væru mannkostamenn meiri en þeir sem gerðu allt að engu. Hallgrímur svaraði því til að Guð hefði gert heiminn úr engu og væri það Guðs að aðgreina verðuga og óverðuga. Ekki skipaðist bóndi við það og varð fátt á milli þeirra Hallgríms.

Nokkru síðar veiktist einkabarn bónda þessa og var ekki sýnt að það myndi lifa. Hafði allra læknisráða verið leitað en ekki komið að haldi. Kom þá Hallgrímur ótilkvaddur á bæ bónda, settist við barnsrúmið og bað fyrir barninu heitt og innilega. Hafði bóndi og fólk hans aldrei heyrt neitt slíkt sem bæn töttraprests síns. Brá svo við að barninu batnaði og stuttu síðar kom bóndi til Hallgríms með silfurbúin ístöð og bað prest að skipta á þeim og hornistöðunum. Hallgrímur var eigi fús til skiptanna, en bóndi bað því meir og lét auk þess þau orð fylgja, að hann ætlaði sér sjálfur eftirleiðis að nota hornistöðin. Þau mættu minna sig á að hroki og sjálfumgleði væri engum til sóma. Lét þá Hallgrímur að beiðni hans og voru þeir síðan trúnaðarvinir.


HVAÐ ER NÝRÓMANTÍK?

Þegar talað er um nýrómantík í bókmenntum er átt við stefnu sem spratt upp í evrópsku borgarsamfélagi undir lok 19. aldar. Nýrómantíkin er framhald af táknsæisstefnunni (e. symbolism) og var í andstöðu við raunsæi og natúralisma (e. naturalism) sem mikið bar á fyrr á öldinni. Nýrómantíkin var því að mörgu leyti afturhvarf til rómantísku stefnunnar frá því um 1800.


Með tilkomu nýrómantíkur færast áherslan frá ytra umhverfi til innra lífs einstaklingsins og tilfinninga hans. Sterkar tilfinningar og miklar andstæður eru einkennandi fyrir nýrómantískan skáldskap og þar má oft finna bæði mikla gleði og djúpstæðan harm. Þjóðernishyggja, borgarleiði, fegurðar- og frelsisþrá eru áberandi, en einnig birtist þar hetjudýrkun og bölsýni. Orðfærið er yfirleitt meitlað og myndmál er ákaflega sterkt. Einn af helstu áhrifavöldum nýrómantísku stefnunnar var þýski heimspekingurinn Friedrich Nietzsche (1844-1900), og þá sérstaklega kenningar hans um ofurmennið.

Íslendingar fóru ekki varhluta af nýrómantíkinni. Sem dæmi um skáld frá þessu tímabili má nefna Einar Benediktsson (1864-1940), en í ljóði hans „Einræður Starkaðar“, má greina sterka einstaklingshyggju og þjóðerniskennd. Davíð Stefánsson (1895-1964) yrkir líka um hinn frjálsa einstakling og Hulda (Unnur Benediksdóttir Bjarklind) (1881-1946) hefur verið kölluð einn af frumkvöðlum nýrómantísku stefnunnar á Íslandi.

Af íslenskum leikritaskáldum nýrómantíkurinnar ber helst að nefna Jóhann Sigurjónsson (1880-1919). Hann bjó lengst af í Danmörku og skrifaði þar meðal annars leikritin Fjalla-Eyvind og Galdra-Loft, en í Galdra-Lofti má til dæmis sjá áhersluna á snillinginn og vilja mannsins til valda. Jóhann er einnig þekktur fyrir ljóð sem hann orti og má þar nefna ljóðið „Sorg“, sem jafnan er talið fyrsta íslenska nútímaljóðið. Ljóðið „Bikarinn“ er frábært dæmi um hið sterka myndmál sem einkennir nýrómantískan skáldskap og einnig hið þekktu „Sofðu, unga ástin mín“ sem íslensk börn læra flest í frumbersku.



Friedrich Nietzsche var einn af helstu áhrifavöldum nýrómantísku stefnunnar. Einkum voru það kenningar hans og skrif um ofurmennið sem þar skiptu máli.



Hvað er fútúrismi?

Fútúrismi er hreyfing í bókmenntum og listum sem kom fram snemma á 20. öld. Fútúrisminn tengdist sérstaklega

listalífi á Ítalíu og í Rússlandi. Hér verður fjallað um ítalska fútúrismann en um þann rússneska er hægt að lesa meira í svari sama höfundar við spurningunni Hvað var rússneski fútúrisminn?

Í byrjun 20. aldar spruttu upp ýmsar stefnur í lista- og menningarlífi Evrópu, svo sem fútúrismi, expressjónismi, dadaismi og súrrealismi. Forsprakkar stefnanna gerðu mikið af því að skilgreina eigin listsköpun og með framúrstefnuhreyfingum 20. aldarinnar urðu umfjallanir listamanna á listinni að listformi. Svonefndar stefnuyfirlýsingar eða manifestó voru rauður þráður í list framúrstefnumanna.

Með stefnuyfirlýsingum var sköpuð ný tegund bókmenntaforms. Ávörp voru í sjálfu sér ævafornt form, yfirleitt opinber yfirlýsing valdhafa, lesin upp að viðstöddu fjölmenni. Tilgangur þeirra var fyrst og fremst pólitískur en nú voru þau notuð í listrænum tilgangi. Sumir telja að greina megi upphaf þessarar breytingar á formi ávarpsins með Kommúnistaávarpi Karls Marx (1818-1883) og Friedrich Engels (1820-1895) sem kom út árið 1848. Þar brýst ljóðrænt tungutak í gegnum pólitískt orðfæri og boðskap. Ávarpið hefst á skáldlegum nótum: „Vofa gengur nú ljósum logum í Evrópu – vofa kommúnismans“.

Fútúristaávarp forsprakka fútúristans, Ítalans Filippos Tommaso Marinetti (1876-1944), birtist í franska dagblaðinu Le Figaro 20. febrúar 1909. Þar kemur fram dýrkun á hverskyns vélum, hlutum og hraða nútímans, samfara höfnun og andúð á fortíðinni. Vélar sem geysast áfram með ógnarhraða eiga að knýja fútúristann áfram, burt frá fortíð og glæstri sögu Ítalíu og Marinetti lýsir því yfir að hann vilji eyðileggja söfn landsins. Í öðru ávarpi fútúristanna er fullyrt að heitt járn vekji meiri áhuga og hlýju meðal fútúristanna en bros eða tár kvenmanns. Með því að smella hér er hægt að hlýða á upplestur Marinettis. Textinn sem hann les upp er aðgengilegur hér.

Stefnuyfirlýsingar ítölsku fútúristanna voru fjölmargar. Á árunum 1909-16 gáfu þeir út rúmlega 50 yfirlýsingar. Þeir lýstu meðal annars skoðunum sínum á bókmenntum, kvikmyndum, byggingarlist, stjórnámálum, tónlist, leikhúslífi, unaðssemðum holdsins og tónleikahöllum, svo nokkur dæmi séu nefnd. Stefnuyfirlýsingunum var oft ætlað að ná til breiðs hóps og tungutak þeirra minnti stundum á auglýsingaslagorð nútímans. Yfirlýsingarnar voru oftast en ekki gefnar út í víðlesnum miðlum. Stundum voru ávörpin gefin út í þúsundatali sem dreifirit.

Ítalski fútúristinn var fyrsta listastefnan sem gerði bílinn að mikilvægu tákni. Málarinn Giacomo Balla (1871-1958) gerði til dæmis rúmlega hundrað verk þar sem bíll á ofshraða er meginviðfangsefnið.

Mikilvægi bílsins í hugmyndafræði fútúristanna fólst fyrst og fremst í því að þeir álitu hann vera tækniundur sem breytti bæði umhverfi manna og skynjun þeirra á veröldinni. Bíllinn tákngærdi þannig hugmyndir fútúristanna um nútímaleika og framfarir tækninnar. Í hraða bílsins fólst andóf gegn festu hefðarinnar sem fútúristunum var meinilla við.

Fútúristinn hafnaði hefðbundnu formi skáldskapar og vildi umbylta tungumálinu. Í ávarpi um fútúristar bókmenntir frá 1912 lagði Marinetti til að hefðbundinni setningaskipan yrði kastað fyrir róða. Í skrifum ætti að beita á handahófskenndan hátt sem flestum nafnorðum. Sagnir í persónuhætti voru bannaðar og eingöngu átti að notast við lýsingarhátt, annars væri stíllinn of persónukenndur. Einnig lagði Marinetti blátt bann við notkun allra lýsingar- og atviksorða. Nafnorðin áttu að fá að standa ein í textanum. Ef til voru það þessar kenningar Marinettis sem ameríska ljóðskáldið Ezra Pound (1885-1972) hafði í huga þegar hann líkti fútúristum skrifum við niðurgang. Seinna viðurkenndi hann þó að án fútúristans hefði ýmislegt tengt móðernisma í bókmenntum á 20. öld aldrei komið fram.

Ítölsku fútúristarnir voru algjör andstæða svonefndra hnignunarskálda sem komu fram á síðari hluta 19. aldar og snemma á 20. öld. Hnignunarskáldin voru hugfangin af hverskyns endalokum en fútúristarnir dýrkuðu upphafið. Þeir trúðu á sigur tækninnar yfir náttúrunni og að hægt væri að endurfæðast með hjálp tækninýjunga nútímans án þess að vera mengaður af fortíð eða hefð.

Hægt er að lesa meira um fútúrista í bókinni Þættir úr menningarsögu, Nýja bókafélagið, Reykjavík 2004. Þar fjallar höfundur þess svars um sömu hluti. Texti svarsins fer nærri því sem stendur í bókarkafli um fútúrista.

Litla myndin við greinina:

Opna í bók sem sýnir texta eftir helsta talsmann ítalska fútúristans Filippo Tommaso Marinetti (1874-1944).

Götulist - Street Art



Götulist er mjög almenn víðast hvar erlendis. Allskonar verk eru hér og þar og á ólíklegustu stöðum á förnum vegi. Það getur verið ákaflega skemmtilegt þegar maður gengur um borgir í öngstætum eða þar sem almennt er ekki að vænta nokkurs, að rekast þá á verk sem eingöngu eru sett upp til að vekja forvitin augu vegfarendans.

Götulist hefur ekki hlotið viðurkenningu innan listformsin, allavega veit Troðningur ekki til þess að opinber söfn hafi gert henni

skil eða hátt undir höfði. Samt er götulist gríðarlega mikið stunduð af allskonar listamönnum um allan heim. Mest hefur borið á svokallaðri grafiti list en sú list sem hér er sýnd aftur á móti fengið minni eða litla athygli. Auðvitað eins og alltaf eru verkin mismunandi að gæðum, en það er kanski aukaatriði. Aðalatriðið er sköpunargleðin og hið óþrjótandi hugmyndaflug.



Götulist - Street Art



Andlit á förnum vegi - Street Art



Andlit á förnum vegi - Street Art





Lengi vel var kirkjan Ægisif (Hagia Sophia) í Istanbúl (Konstanínópel, Miklagarði) stærsta kirkja heims. Keisari

Rómaveldis, Konstantínus, lét byggja hana árið 325 og í 916 ár var hún notuð sem kirkja en sem moska í 481 ár eftir það. Kirkjan var gerð að safni árið 1934. Á sínum tíma var Ægisif ein stærsta bygging heims, aðeins Kínamúrinn og píramítarnir í Egyptalandi voru stærri.

Ægisif var stærsta kirkja í heimi þar til Péturskirkjan í Vatíkaninu var reist. Hún er höfuðkirkja rómversk-kaþólsku kirkjunnar. Péturskirkjan er 213,4 m að lengd og 138 m á hæð. Júlíus 2. páfi lét brjóta niður hina eldri Péturskirkju frá 4. öld árið 1506, og hóf byggingu hinnar nýju Péturskirkju. Var hún tilbúin árið 1615 í tíð Páls 5. páfa. Upphaflega teikningar voru gerðar af D. Bramante og voru af miðjukirkju, í laginu eins og grískur kross. Seinna komu ýmsir arkitektar að hönnuninni, meðal annara G. da Sangallo, sem breytti lögun kirkjunnar úr grískum krossi í latneskan, Fra Giocondo og Rafael. Michelangelo hannaði hvolfpakið og á mestan heiður af endanlegu útliti kirkjunnar. Í Péturskirkju eru meðal annars grafir og minnisvarðar páfa, bronsstytta af Pétri postula og höggmynd Michelangelos, Pietá. Undir Péturskirkju hefur fundist stórt grafhýsi frá 2.- 4. öld en þar er talin vera gröf Péturs postula.

Allt þar til nýlega var St. Péturskirkjan stærst allra kirkna, eða þar til Frúarkirkjan í Yamoussoukro á Fílabeinsströndinni var

reist. Hún er nú talin vera hæsta og stærsta kirkja heims. Frúarkirkjan var byggð á árunum 1986 til 1989 og vígð 10. september 1990, en hornsteinn hennar var blessaður af Jóhanni Páli 2. páfa 10. ágúst 1985. St. Péturskirkjan er lausleg fyrirmynd að byggingarlagi Frúarkirkjunnar í Yamoussoukro, sem er eins og latneskur kross, með hvolfpaki og súlnagöngum. Hæð kirkjunnar nær 149 metrum þegar hjálmhvelfingin ofan á hvolfpakinu er talin með, hvolfpakið sjálf er 60 m hátt og 90 m að þvermáli. Flatarmál kirkjunnar er 70.000 m², allt lagt marmara, og alls getur hún hýst 18.000 sálir.

Að byggja glæsilegustu og stærstu kirkju í heimi var hugarsmíð þáverandi forseta Fílabeinsstrandarinnar, Felix Houphouët-Boigny, sem lét byggja hana í heimabæ sínum, Yamoussoukro. Þá borg hafði hann gert að höfuðborg Fílabeinsstrandarinnar í stað Abidjan. Byggingarstarfið gekk ekki án gagnrýni því þrátt fyrir að efnahagur Fílabeinsstrandarinnar teljist í góðu ástandi á afrískan mælikvarða, þótti tilkostnaður alltof mikill miðað við það að aðeins um 1/5 þjóðarinnar, sem telur 15 milljón manns, er kristinn og kaþólikkar líklega um helmingurinn af þeim. Hægt væri að koma öllum kaþólikkum Fílabeinsstrandarinnar (og fleiri til) fyrir á torginu innan við súlnagöngin sem umkringja kirkjuna!



Péturskirkjan og Frúarkirkjan.

Er hægt að deyja úr leiðindum, til dæmis í dönskutíma?



Í skýrslum um dánarorsakir á Íslandi undanfarna fimm áratugi má meðal annars finna ýmiss konar slys og sjúkdóma. Hins vegar er hvergi getið um dánarorsökina “leiðindi í dönskutíma.” Í ljósi þess að á hverju ári sitja þú-

sundir Íslendinga í dönskutímum mörgum sinnum í viku má því draga þá ályktun að þessi dánarorsök sé sárasjaldgæf og tíðni hennar undir marktæknimörkum.

Eftir stendur reyndar sá möguleiki að dánarorsökin “leiðindi í dönskutíma” sé algeng, en að skólar og heilbrigðisyfirvöld hafi með sér samsæri um að leyna því. Ef um slíkt er að ræða getur vel verið að bæði nemendur og kennarar hrynji niður í dönskutímum og dönskukennsla sé stórhættuleg. Vísindavefurinn lýsir eftir vitnum sem geta gefið vísbendingar um slíkt samsæri og heitir þeim fullum trúnaði.

Ef við veltum fyrir okkur hvers vegna sumir kennarar eru leiðinlegir kemur sitthvað til álita.

Sé um dönskukennara að ræða getur verið að hann sé að reyna að losa sig við nemendurna. Hann hefur heyrt af þeim möguleika að dönskutímar séu lífshættulegir og kannski finnst honum nemendurnir leiðinlegir og óttast um eigið líf. Leiðindi dönskukennarans eru því hrein sjálfsbjargarviðleitni: Hann er að reyna að verða fyrri til að koma nemendunum fyrir kattarnef áður en þeir gera honum slíkt hið sama.

Ýmislegt annað kemur líka til greina. Kannski er svo leiðinlegt að vera kennari að aðeins leiðinlegt fólk kærir sig um það starf. Eða þá að bráðskemmtilegt fólk verður hundleiðinlegt eftir nokkur ár í kennslu. Samkvæmt heimildum okkar er það að vera leiðinlegur ekki eitt af inntökuskilyrðum Kennaraháskóla Íslands. Ekki vitum við heldur til þess að þar sé kennt sérstakt námskeið í leiðinlegri hegðun.

Sum okkar í ritstjórn Vísindavefsins búum yfir þeirri reynslu að hafa fundist kennarar leiðinlegir þegar við vorum sjálf nemendur en höfum svo orðið kennarar sjálf. Eftir að við urðum kennarar hætti okkur að finnast kennararnir leiðinlegir. Vel getur verið að skýringin sé sú að við séum sjálf orðin svona hrútleiðinleg.

Framhald á bls. 26

Vissir þú að...

*TYPEWRITER er lengsta orðið sem hægt er að skrifa með aðeins einni röð ályklaborðinu.

*Krókódílar geta ekki rekið tunguna út.

*Sígarettukveikjarinn var fundinn upp á undan eldspýttunum.

*Ameríkanar borða að meðaltali 18 ekrur af pizzu hvern einasta dag.

*Næstum allir sem lesa þetta bréf munu reyna að sleikja á sér olnbogan.

*Ekki gleyma að senda þessar skrítnu staðreyndir til allra sem þú þekkir.

*Þú reyndir að sleikja á þér olnbogan, er það ekki?

*Ef þú myndir öskra í 8 ár 7 mánuði og 6 daga myndir þú búa til næga orku til að hita 1 kaf-fibolla.

*Ef þú myndir reka við stanslaust í 6 ár 9 mánuði myndast gas sem jafngildir krafti atómsprengju.

*Ef þú lemur hausnum við vegg brennir þú 150 hitaeiningum á klukkutíma.

*Menn og höfrungar eru einu tegundirnar sem stunda kynlíf sér til skemmtunar

*Sterkasti vöðvinn í líkamanum er tungan.

*Rétthent fólk lifir að meðaltali 9 árum lengur en örvhentir.

*Maurar geta lyft 50 faldri þyngd sinni, togað 30 falda þyngd sína og þeir falla alltaf á hægri hliðina þegar þeir verða drukknir.

*Leirgedda (það er fiskur) er með 27.000 bragðkirtla. (Hvað í ósköpunum getur verið svona bragðgott neðst í vatninu?)

*Kakkalakki getur lifað í 9 daga án höfuðs áður enn hann sveltur til bana.

Allir sem hafa verið í skóla þekkja líka þá félagslegu kvöð sem virðist hvíla á nemendum á ákveðnum aldri að finnast kennarar leiðinlegir, eða í það minnsta láta eins og þeim finnist það. Eftir því sem við best vitum hefur það aldrei gerst að nemandi í einum af efri bekkjum grunnskóla á Íslandi hafi látið þau orð falla innan um félag sína að allir kennarar væru skemmtilegir. Eigi slíkt eftir að gerast verður það vafalaust fyrsta frétt hjá öllum fjölmiðlum landsins.

Hér er rétt að benda á að nemendur hafa ákveðin forréttindi umfram kennara. Þeir geta þískrað sín á milli um það hvað kennarinn sé vitlaus, asnalegur og hallærislegur. Þetta vita allir kennarar, enda voru þeir sjálfir einu sinni nemendur, og má því ætla að kennarastéttin hljóti að vera full af fólki sem hefur lúmskt gaman af að vera kveikjan að svona umtali. Kennararnir reyna þá kannski að vera leiðinlegir til að nemendurnir hafi eitthvað til að tala um.

Kennurum leyfist hins vegar ekki að þískra sín á milli um nemendur á þennan hátt, hversu freistandi sem það kann að vera, þar sem þeim er skylt að bera hag nemenda fyrir brjósti framur eigin skopskyni. Kennarinn hefur þá skyldu að reyna að láta sér líka vel við alla nemendur sína, líka þá sem sofa í tímum, læra aldrei heima og svara kennaranum aldrei nema með eins atkvæðis orðum.

Vísindavefurinn stóð á dögum fyrir rannsókn á leiðinlegum kennurum og nemendum. Fylgnin milli leiðinlegra kennara og leiðinlegra nemenda reyndist jákvæð. Þannig höfðu nemendur með leiðindastuðulinn 77 kennara með leiðindastuðul 82,3 að meðaltali meðan nemendur með leiðindastuðulinn 43 höfðu kennara með leiðindastuðul 38. Niðurstaðan er því skýr: Leiðinlegt fas kennara er í beinu samhengi við leiðinlegt fas nemenda. Ekki er þó ljóst hvoru megin orsökina liggur enda segja hreinar fylgnikannanir aldrei til um slíkt.

Fengið að láni af Vísindavefnum.



Meira af verkinu af Mónu. Nokkrar staðreyndir

Hver var hún?

Mun hún trúlega vera Lisa Gherardini, fædd á þriðjudegi, 15. júní 1479 (er það það næsta sem Lourve hefur komist) Hún giftist Francesco di Bartolomeo di Zanobi del Giocondo, ríkum kaupmanni frá Flórens, þegar hún var 16 ára gömul. Þegar myndin var máluð, var hún 24. ára gömul og átti 2 syni.

Af hverju kemur nafnið?

Monna Lisa er upprunalegt nafnið. Monna er tenging við Madonna, Mia Donna (Madam eða My Lady). Hún heitir Mona Lisa á enska tungu, væntanlega vegna þýðingarvillu. Hún heitir La Joconde í Frakklandi, La Giaconda á Ítalíu, einnig má leggja út af nafni hennar “the merry one”, sem er tenging við bros hennar.

Hver málaði hana?

Leonardo da Vinci (1452-1519) kemur hann frá þorpinu Vinci í Tuskana héraði, rétt hjá Flórens. Listamaður, vísindamaður, heimspekingur, stjörnufræðingur, vélfræðingur, uppfinningamaður og einn af risum Endurreisnar. Einnig var hann meðal þeirra fyrstu sem rannsakaði mannlíkaman, eða anatomíu hans og er nútíma þekking lækna á mannlíkamanum, honum að þakka, m.a. Talið er að Leo hafi verið að mála hana á árunum 1503-1506, eða fjögur ár, en var að drattast með hana í eftirdragi í um 20 ár. Myndin er því um 500 ára gömul. Þrátt fyrir að myndin sé ekki með undirskrift eða dagsetningu Leo, þá fer það ekki á milli mála að hann

málaði hana.

Hvar hangir hún?

Það tók um fjögur ár, næstum því jafn langan tíma og að mála hana, að útbúa salin á Lourve safninu fyrir ML, þar sem hún er staðsett núna, en það kostaði um 7,5 milljónir dollara. Hún hangir í Salle de Etats og koma um milljónir manna að skoða hana við kjöraðstæður, en málverkið er á bak við öryggisgler. Er hún skráð í safnaskrá Lourve sem mynd nr. 779.

Af hverju hangir ítalskt málverk á frönsku safni?

Á 16. öld varð málverkið eign Francois I frakkakonungs, sem skaut skjólshúsi yfir þennan aldna meistara og var Francois mikill aðdáandi Leonardos. Fyrir utan þjófnadinn 1911-1913 á Ítalíu, fór hún í sýningarferð til USA 1963, til Japans og Moskvu um 1970, en allan tíma hefur hún verið á Lourve síðan 1797.

Hve stór er myndin?

Myndin er um 77cm á hæð og 53 cm á breidd. (30 X 20 7/8 tommur) og er olía á panil, sem var mjög algengt á þessum tíma. Engin hefur treyst sér til að verðleggja myndina og er hún talin vera ómetanleg. Samkvæmt orðum safnastjóra Lourve, Estelle Nadau, þá sé myndin eign frönsku þjóðarinnar og því ástæðulaust að tryggja hana, sem er í sjálfu sér næg trygging, því að engum dytti í hug að stela henni í dag, því að það væri ekki hægt að koma henni í verð!

Af hverju er hún ekki með augabrúnir?

Gera má ráð fyrir að þeim hafi verið eitt í burtu hér áður fyrr, þegar menn voru að reyna að hreinsa hana, en það má líka geta þess að konur plökkuðu augabrúnir á þessum tíma.

Er það satt að Mona Lisa sé í raun mynd af Leonardo sjálfum?

Að hann hafi málað sjálfan sig í kvennmansfötum eru ein af kenningum sem komið hafa fram. Einnig að andlitið sé samhverfa af Leo sjálfum. Þó er nokkuð öruggt að myndin er af Lisu Gherardini.

Hver stal Monu Lisu á sínum tíma?

Ítalski teppalagningarmaðurinn, Vincenzo Peruggia, 21. ágúst 1911, en var myndin þá hangandi á Salon

Carré á milli myndanna Mystical Marriage og St. Catherine eftir Coreggio og Allegory og Alfanso eftir Titian. Var myndin týnd þar til 1913, er flórenskur antiksali komst yfir myndina og skilaði henni á Lourve safnið.

Hefur einhver reynt að skemma myndina?

30. desember, 1956 tókst bólivískum manni að nafni Ugo Ungaza Villegas að henda litlu grjóti sem lenti á vinstri olnboga á ML og kvarnaðist aðeins upp úr málningunni.

Af hverju er hún svona fræg?

Það eru margar ástæður hvers vegna:
a) hún er máluð af snillingi sem náði fram mjög dulúðum áhryfum, hún var máluð með svokallaðri Sfumato aðferð, en hún fólst í því að engin pensilför sáust. Myndbygging var píramídalaga og bakgrunnur dulúðlegur og full af táknum, margir lögðu sig fram að reyna að kópera myndina, meira að segja Raphael, samtímamaður Leonardo. Einnig var það málartæknin sem heillaði marga, þessi gegnsæja húðarferð, sem mörgum þótti erfitt að ná fram.

b) Myndin hékk í svefnherbergi frakkakonungs og síðar var hún í badherbergi Napoleons þar til hún var færð á Lourve 1797.

c) Með prenttækni seint á 19. öld, var myndin aðgengileg almenningi víða um heim. Einnig fékk hún góða umfjöllun þegar henni var stolið 1911 og einnig þegar henni var skilað 1913. Fékk myndin mjög góða umfjöllun og sífellt verið að skrifa og rita um hana.

d) Á 20. öldinni var henni sungið lof í lófa, kom hún fram í kveðskap, skáldsögum, leikritum og söngvum. Hún var kölluð Femme fatale og lá mikil dulúð yfir brosi hennar.

e) 1919 málaði Dadaisminn, Marscel Duchamp, yfirvaraskegg og hökutopp og bjót til póstkort til að hæðast að myndinni. Þetta og önnur umræða varð til þess að Mona Lisa varð fræg fyrir að vera fræg.

f) Í ferð sinni til USA 1963 sáu ein og hálf milljón manna myndina, og í Japan og Moskvu sáu um 2 milljónir manna myndina. Voru skilinn eftir blóm og vísur við myndina eins og hún væri orðin trúartákn.

Nettímarit

Troðningur

Menning & List

Verk fyrir banka,
útrásarvíkinga, þingmenn og fl.
til að hvítþvo hendur sínar.
(Fæst í ýmsum stærðum - Heimsending frí)



Myndir:

T.v

“ Hvítþvo hendur sínar “

T.h

“ Hús í kreppu “

Bæði verkin eru eftir
Guðmund R Lúðvíksson



Baksíðmynd: Verk eftir Guðmund R Lúðvíksson " Flöskuskeiti " á leið niður Hvítá 2012

ICELANDIC
ART MAGAZINE